

Nd.

## 848. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1945 að innheimta með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastgjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkvæmt 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935.

### 2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

### 3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 54 12. okt. 1944 numin úr gildi.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Um nokkur undanfarin ár hefur Alþingi heimilað ríkisstjórninni með lögum að innheimta stimpilgjald, aukatekjur og vitagjald með 40% viðauka, og á s. l. ári var enn veitt sams konar heimild fyrir árið 1945. Síðan þau lög voru sett, hefur komið í ljós, að tekjur þær, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum þessa árs, munu engan veginn hrökkva fyrir óhjákvæmilegum útgjöldum ríkisins á þessu ári. Með frv. þessu er ætlað til, að nokkuð verði bætt úr tekjubörf ríkissjóðs með því að heimila ríkisstjórninni að innheimta framanskráð gjöld með 100% viðauka í stað 40%, auk þess sem bætt er við heimild til að innheimta leyfisbréfastgjöld og lestagjald af skipum með sama viðauka. Öll þessi gjöld hafa um alllangt skeið staðið óbreytt, og með tilliti til verðfalls peninga á undanförunum árum verður ekki talið ósanngjarnt, að þau séu hækkuð um 100% frá því, sem þau voru ákveðin upphaflega.

Þá er einnig lagt til, að gjöld af innlendra framleiðslu tollskyldri séu hækkuð um 50%. Þessi gjöld voru ákveðin með lögum nr. 60 1939, áður en styrjöldin skall á, og verður að ætla, að þessi framleiðsla geti vel borið þá hækkun, sem hér er gert ráð fyrir.

Enn fremur er lagt til, að eignarskattur sé hækkaður um 50%.

Væntanleg tekjuaukning á þessu ári, ef frv. verður samþykkt, er áætluð sem hér segir:

Af vitagjaldi .....	kr.	120000.00
— aukatekjum .....	—	320000.00
— stimpilgjaldi .....	—	680000.00
— leyfisbréfastgjaldi .....	—	50000.00
— lestagjaldi af skipum .....	—	60000.00
— innlendu tollvörugjaldi .....	—	750000.00
— eignarskatti .....	—	850000.00

Kr. 2830000.00